

Tilkynning frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd Alþingis

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd Alþingis fordæma árás Ísraelsmanna á skipalest með hjálpargögn sem fara áttu til Gaza. Jafnframt styðja þeir ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá því í nótt um að skipunum sem tekin voru herskildi verði sleppt, farþegum og áhöfn veitt frelsi og að sá varningur sem ætlað var að bærisk til hinna hrjáðu íbúa Gaza verði þegar fluttur á áfangastað. Ennfremur fól ályktun Öryggisráðsins í sér kröfu um tafarlausa alþjóðlega rannsókn á árásinni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd taka einnig undir með fulltrúa Evrópusambandsins sem krafðist þess strax í gær að opnað yrði tafarlaust fyrir flutninga á hjálpargögnum og almennan flutning á vörum inn á Gazasvæðið. Ísraelsmönnum ber þegar í stað að afnema hafnbannið sem þar ríkir og hverfa frá farbanni gagnvart íbúum svæðisins.

Þetta er sú krafa sem nú endurómar um heiminn, en gengur þvert á ályktun meirihluta utanríkismálanefndar, sem samþykkt var núna í hádeginu. Með þeirri ályktun hefur meirihlutinn í raun skuldbundið sig til þess að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael og setja einhliða viðskiptaþvinganir ef alþjóðasamfélagið grípur ekki til aðgerða gegn Ísrael sem tryggja frið.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd telja að slík ákvörðun sé mjög varhugaverð. Í fyrsta lagi sé mikið álitamál hvort slit stjórnmalasambands við Ísrael eða viðskiptaþvinganir myndu bæta stöðu þess fólks sem býr við afar erfiðar aðstæður í Ísrael og Palestínu. Í annan stað þyrftu íslensk stjórnvöld í framhaldinu að íhuga stjórnmalasamband sitt við önnur ríki þar sem framin eru voðaverk og mannréttindabrot og í þriðja lagi er það skoðun undirritaðra að vilji íslensk stjórnvöld láta gott af sér leiða í friðarumleitunum og samskiptum Ísraels og Palestínumanna, munu þau ekki ná neinum árangri með því að slíta samskipti sín við aðra þjóðina.

Þetta er afstaða sjálfstæðismanna í utanríkismálanefnd Alþingis, en meirihlutinn kaus hins vegar að hafna því að taka undir ályktun Öryggisráðsins frá því í nótt.

Árásin á skipalestina mun enn torvelda alla viðleitni til þess að skapa frið fyrir botni Miðjarðarhafs. Markmiðið með slíku friðarsamkomulagi hlýtur að vera hin svo kallaða tveggja ríkja lausn; skilyrðislaus viðurkenning á Ísrael og stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að slit stjórnmalasambands og viðskiptaþvinganir gagnvart Ísrael muni ekki verða til þess að auðvelda slíka lausn mála. Þeir geta því ekki fallist á ályktun meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis, er telur rétt að ganga lengra en nokkurt annað ríki eða alþjóðasamtök hafa ákveðið að gera vegna þessa atburðar, sem þó hefur verið harðlega fordæmdur á alþjóðavettvangi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir

Einar K. Guðfinnsson